



Íbúaráð Grafarvogs

Kosning í Hverfið mitt 2023

Til upplýsinga fyrir íbúaráð Reykjavíkurborgar

Nú stýttist í kosningu í lýðræðisverkefninu Hverfið mitt sem hefst þann 14. september og lýkur á miðnætti þann 28. september. Kosningin er rafræn og geta öll sem eru fædd árið 2008 eða fyrr og eiga lögheimili í Reykjavík tekið þátt. Til að geta kosið þarf að vera með rafræn skilríki í síma eða Íslykil, atkvæðin eru dulkóðuð og kosningin því leynileg.

Það tekur mjög stutta stund að taka þátt og einfalt að kjósa í snjallsímum, spjaldtölvu eða tölvu á www.hverfidmitt.is, þegar opnað hefur verið fyrir kosningu þann 14. september. Á vefsíðu Reykjavíkurborgar má nálgast [nánari upplýsingar um kosningarnar](#) ásamt lista yfir [hugmyndir sem verða í kosningu](#).

Aðstoð við að kjósa er hægt að fá í Þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, og hjá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar á meðan kosning stendur yfir.

Undirritaður hvetur íbúaráð Grafarvogs eindregið til að taka þátt í því með okkur að vekja athygli á kosningunni þegar hún hefst og hvetja íbúa hverfisins til að taka þátt og kjósa þær hugmyndir sem þeir vilja sjá verða að veruleika í hverfinu sínu.

Virðingarfyllt,
Eiríkur Búi Halldórsson
Miðlæg stjórnsýsla
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa